

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F108/2022

Reykjavík, 1. febrúar 2022

Lilja Dögg Alfreðsdóttir
ferðamála-, menningar- og viðskiptaráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Í frétt sem birt var á heimasíðu Stjórnarráðs Íslands 27. janúar sl. var greint frá ákvörðun yðar um að skipa Skúla Eggert Þórðarson, ríkisendurskoðanda, í embætti ráðuneytisstjóra nýs menningar- og viðskiptaráðuneytis frá og með 1. febrúar 2022.

Í fréttinni kemur fram að ákvörðunin sé reist á ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem kveðið er á um heimildir til flutnings embættismanna ríkisins milli embættanna. Af framangreindu orðalagi verður ráðið að þar sé vísað til þeirrar heimildar sem kveðið er á um í síðari málsl. 1. mgr. 36. gr. laganna. Þar segir að stjórnvald, sem skipað hefur mann í embætti, geti samþykkt að hann flytjist í annað embætti er lýtur öðru stjórnvaldi, enda óski það stjórnvald eftir því. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna er heimilt að flytja embættismenn á þessum grundvelli úr einu embætti í annað án undangenginnar auglýsingar. Í athugasemdum við 36. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 70/1996 segir m.a. að í 1. mgr. sé tekið af skarið um það að heimilt sé að flytja mann úr einu embætti í annað þótt embættin heyri undir tvo ráðherra. Í því tilviki þyrfti sá ráðherra sem skipar í embættið að sjálfsögðu að óska eftir því að embættismaður er lyti öðrum ráðherra flyttist í það embætti og síðarnefndi ráðherrann að samþykkja þá ráðstöfun. Ekki væri skylt að auglýsa embættið í því tilviki, sbr. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins, en um skipun í það giltu að öðru leyti almennar reglur.


Hinn 16. apríl 2018 var Skúli Eggert kosinn í embætti ríkisendurskoðanda á Alþingi í samræmi við 1. málsl. 2. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Samkvæmt 1. gr. laganna starfar ríkisendurskoðandi á vegum Alþingis, er trúnaðarmaður þess og ábyrgur gagnvart því við endurskoðun og eftirlit með rekstri og fjármálum ríkisins. Ríkisendurskoðandi er embættismaður, sbr. 1. tölul. 22. gr. laga nr. 70/1996 en heyrir hins vegar lagalega undir Alþingi og er sjálfstæður og engum háður í störfum sínum, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna.

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að þér skýrið á hvaða lagagrundvelli ákvörðun yðar um að skipa Skúla Eggert í embætti ráðuneytisstjóra, án auglýsingar, er reist og þá með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996. Hafi ákvörðunin verið reist á fyrrgreindu ákvæði 1. mgr. 36. gr. laga nr. 70/1997 er þess óskað að þér gerið grein fyrir hvaða forsendur og lagasjónarmið bjuggu þar að baki. Rétt er að taka fram að þar sem ríkisendurskoðandi er kjörinn af Alþingi og starfar á vegum þess fellur það utan starfsviðs míns að fjalla um ákvörðun Alþingis um að veita Skúla Eggert lausn frá embætti ríkisendurskoðanda, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997.

Þess er óskað að umbeðin svör berist umboðsmanni ekki síðar en 11. febrúar nk.

Virðingarfyllst,



Skúli Magnússon